

Kærður hefir með áðurgreindu framferði sínu gjörzt brotlegur við 11. gr. og 12. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928, fyrir að láta af hendi og geyma áfengt öl.

Kærður hefir eigi orðið brotlegur við áfengislöggjöfina áður.

Refsing sú, sem kærður samkvæmt framansögðu hefir unnið til, þykir hæfilega ákveðin eftir 32. gr. og 33. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 1928, 500 króna sekt, er renni í rikissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 25 daga.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 25. nóv. 1929.

Nr. 33/1929.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps

(Magnús Guðmundsson)

gegn

Ísleifi Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Krafa stefnda um afhendingu tryggingarfjár, settu fyrir fullnægjingu sammings um sölu vatnsveituefnis, m. m., tekin til greina.

Dómur gestaréttar Þingeyjarsýslu 3. nóv. 1928: Aðalstefndur í máli þessu, hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, greiði aðalstefnandanum, málaflutningsmanni Bððvari Bjarkan á Akureyri, f. h. Ísleifs Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, 113 — eitt hundrað og þrettán — danskar krónur og 90 aura, ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá ^{14,7}1926 til greiðsludags. Ennfremur afhendi aðalstefndur aðalstefnandanum sparissjóðsbók við Landsbankann í Reykjavík nr. 29744 með innstæðu 1884 — eitt þúsund átta hundruð áttatíu og fjórar krónur og 18 aura auk vaxta frá ⁴/₈ 1925, eða að öðrum kosti greiði honum innstæðuupphæðina í peningum auk 5 % ársvaxta af henni frá sama tíma, ⁴/₈ 1925, til greiðsludags.

Gagnstefndur, málaflutningsmaður Bððvar Bjarkan á Akureyri, f. h. Ísleifs Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, greiði gagnstefnandanum, hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, 70 — sjöttíu — danskar krónur, ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upp-

hæð frá 14/7 1926 til greiðsludags. Að öðru leyti skal gagnstefndur sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Loks greiði aðalstefndur aðalstefnanda 300 — þrjú hundruð krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hreppsnefnd Húsvíkurhrepps hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 16. apríl þ. á., og hefir henni verið veitt gjafsókn í málinu og skipaður málflutningsmaður.

Hér fyrir réttinum gjörir áfrýjandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til, auk málskostnaðar í báðum réttum, að greiða danskar kr. 599.25 fyrir ofborgað vatnsveituefni (5 slökkvihana og 4 götubrunna) og þess utan 710 íslenskar kr. í skaðabætur fyrir drátt á sendingu efnisins, en hvorug þessi krafa verður tekin til greina af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða gestaréttardómi, sem fallast má á í öllum aðalatriðum, að því viðbættu um fyrri kröfu áfrýjanda, að vitnað er til símskeytis stefnda í síðara tilboðinu og, að það er in confesso milli aðilja hér í rétti, að sá, er undir tilboðið ritaði, var óureyttur búðarmaður stefnda.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 300 kr., en málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 150 kr., ber að greiða úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi, hreppsnefnd Húsvíkurhrepps, greiði stefnda, Ísleifi Jónssyni, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málflutningsmanns Magnúsar Guðmundssonar, 150 kr., greiðist úr rikissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað með gestaréttarstefnu $19/9$ þ. á. og þingfest 20. s. m., og er gagnsök i því höfðuð með stefnu $20/9$ þ. á. Eru tildrög þess þannig:

Hinn $26/1$ 1926, lét hreppsnefnd Húsavíkurhrepps verkfræðing Benedikt Jónasson í Reykjavík gjöra útboð á vatnsveitupípum og öðru vatnsveituefni handa vatnsveitu, er i ráði var að gjöra á næsta vori í Húsavíkurþorpi.

Aðalstefnandi máls þessa gjörði $19/2$ s. á. tilboð um að selja efni þetta fyrir d. kr. 15660.00. Tók hreppsnefndin boði hans og var því $4/3$ s. á. gjörður samningur um kaupin. Samkvæmt samningnum átti efnið að sendast til Húsavíkur með S/S »Goðafoss« frá Kaupmannahöfn $11/3$ 1926. Loks var i samningnum ákveðið, að Ísleifur Jónsson skyldi setja sem tryggingu fyrir því að efnið yrði samkvæmt samningnum og kæmi i tæka tíð til Húsavíkur, sparisjóðsbók með innstæðu minnst isl. kr. 1885.00. Hinn $9/3$ 1926 afhenti svo Ísleifur Jónsson Benedikt Jónassyni, f. h. hreppsnefndar Húsavíkurhrepps, sparisjóðsbók við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 þann $4/8$ 1925 að viðbættum vöxtum.

Hinn $4/3$ 1926 gjörir Benedikt Jónasson, f. h. hreppsnefndar Húsavíkurhrepps, aftur útboð á efni til vatnsveitunnar og er það þá 5 slökkvihanar, 4 götubrunnar og efni til vatnsleiðsú innanhúss, sem gjöra á tilboð um. Með simsketyi 18. s. m. felur Ísleifur Jónsson, sem þá er staddur erlendis, verzlunarþjóni sínum að bjóða húsaleiðslurnar fyrir d. kr. 1400.00. 19. s. m. sendir verzlunarþjónninn tilboð til Benedikts Jónassonar, f. h. Ísleifs, og býður þá allt hið útboðna fyrir 1400 d. kr., og eiga húsaleiðslurnar að koma til Húsavíkur i júní eða ágúst. Hinn $3/4$ tilkynnir svo Benedikt Jónasson Ísleifi, að hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hafi samþykkt að taka þessu tilboði hans, þó að því tilskyldu, að allt efnið væri komið til

Húsavíkur í síðasta lagi með S/S »Goðafoss«^{16/7} 1926. Í s. m. tilkynnir Ísleifur Benedikt Jónassyni, að það hafi verið af misgáningi að verzlunarþjónn sinn hafi orðað tilboðið^{19/3} þannig, að það nái yfir auk húsaleiðsla, slökkvihanana og götubrunna. Segir hann, að slökkvihanarnir og götubrunnarnir hafi átt að bætast við í fyrra tilboðið á sama verð og þeir séu þar reiknaðir. Sama dag tilkynnir Ísleifur Benedikt Jónassyni, að hann geti gengið að þessum skilmálum hreppsnefndarinnar, að efni þetta komi með S/S »Goðafoss«^{16/7}.

Hinn 22. maí kom S/S »Goðafoss« til Húsavíkur og var vatnsleiðsluefnið ekki með skipinu. Kom þá upp úr kafinu, að því hafði verið skipað út í S/S »Bro« í Kaupmannahöfn, og kom það skip 11 dögum seinna en S/S »Goðafoss« til Húsavíkur.

Þegar loks efnið kom með S/S »Bro« til Húsavíkur, fylgdi því enginn sundurliðaður reikningur heldur aðeins krafa að upphæð d. kr. 20869.00. Greiddi hreppsnefnd Húsavíkurhrepps kröfuna, en taldi hana þó ca. 700 d. kr. hærri en vera átti samkvæmt tilboðinu. Stafaði þessi mismunur af því, að hreppsnefndin taldi að áður umræddir 5 brunahanar og 4 götubrunnar væru innifaldir í síðara tilboði Ísleifs, en í kröfuupphæðinni voru þeir taldir sérstaklega og utan við tilboðin.

Þar sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps taldi sig hafa orðið fyrir tjóni af því að vatnsveituefnið ekki kom með þeirri ferð, er upprunalega var ákveðið og þar sem hún auk þess taldi sig hafa greitt Ísleifi allháa upphæð, sem henni hefði ekki borið að greiða, neitaði hún að afhenda tryggingarfé það, er Ísleifur hafði sett henni og að greiða þær eftirstöðvar kaupverðsins, er Ísleifur taldi sig eiga hjá henni.

Stóð nú í samningum milli aðiljanna um þessi atriði í alllangan tíma, en er samkomulag eigi náðist, höfðaði Ísleifur mál þetta og gagnstefndi þá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps honum þegar í stað.

Aðalstefnandinn krefst þess, að hreppsnefnd Húsavíkurhrepps verði dæmd til að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 29744 við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 auk vaxta frá ⁴/₈ 1925, er hann setti til tryggingar því, að hann stæði við samninginn frá ⁴/₈ 1926, eða að öðrum kosti greiða sér þessa innstæðuupphæð í peningum auk 5% ársvaxta frá sama tíma, og enn fremur til að greiða sér skuld samkv. reikningi að upphæð d. kr. 151.90 auk 6% ársvaxta frá ¹⁴/₇ 1926.

Loks krefst hann, að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða eftir mati réttarins, bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefndur heldur því hinsvegar fram, að sér hafi verið heimilt að neita að afhenda tryggingarfé það, sem aðalstefnandinn setti fyrir fullnægingu sinni í samningnum frá $\frac{1}{3}$ 1926, þar sem aðalstefnandinn hafi brotið þann samning og bakað sér skaðabótaskyldu, með því að efni það, sem hann átti að senda með S/S »Goðafoss« í maí 1926, ekki var sent með því skipi, heldur með S/S »Bro«, er kom síðar til Húsavíkur. Af kröfu aðalstefnandans um vangoldnar d. kr. 151.90, neitar aðalstefndur eindregið að skulda síðasta kröfuliðinn á reikningi rskj. 24, að upphæð d. kr. 38.00. Ennfremur heldur hann því fram, að liðurinn »váttrygging kr. 132.25« á sama reikningi eigi að vera íslenskar krónur, en eigi danskar. Viðurkennir hann því að skulda aðalstefnandanum c.á. 111.00 íslenskar krónur.

Í gagnstefnunni krefst gagnstefnandinn, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér: 1., kr. 599.25 fyrir 5 slökkviahana og 4 götubrunna, er gagnstefnandi telur innifalda í 1400 kr. tilboði gagnstefnda frá $\frac{19}{3}$ 1926, er gagnstefndi reiknaði sérstaklega í kröfu þeirri, er fylgdi vörunum og hreppnefnd Húsavíkurhrepps greiddi. 2., d. kr. 70.00 fyrir 2 götubrunna, sem aldrei voru afhentir, en áttu að afhendast samkv. samningnum frá $\frac{3}{4}$ 1926. 3., skaðabætur að upphæð ísl. kr. 710.00 fyrir skaða þann, er gagnstefnandi varð fyrir, af því að efni það, er samkv. samningnum frá $\frac{1}{3}$ 1926 átti að koma til Húsavíkur með S/S »Goðafoss« í maí, kom ekki fyr en með S/S »Bro« 11 dögum síðar. 6% ársvexti krefst gagnstefnandinn að sér verði tildæmdir af þessum upphæðum frá $\frac{14}{7}$ 1926. Loks krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins bæði í aðalsök og gagnsök.

Kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni mótmælir gagnstefndur og telur sig hafa staðið við alla gjörða samninga við gagnstefnandann.

Að því er snertir þá 5 slökkviahana og 4 götubrunna, er hann færði gagnstefnanda sérstaklega til reiknings, en sem gagnstefnandi telur innifalda í 1400 kr. tilboði hans frá $\frac{19}{3}$ 1926, þá viðurkennir hann að visu, að verzlunarpjónn sinn hafi boðið þetta með í 1400 kr. tilboðinu, en við það tilboð

telur hann sig ekki bundinn, sumpart vegna þess, að verzlunarþjónninn hafi ekki haft umboð til að bjóða nema húsaleiðslurnar fyrir 1400 kr. (sbr. rskj. 12), en sumpart telur hann sig sjálfan hafa haft rétt til að breyta tilboðinu, er gagnstefnandi ekki samþykkti það án breytinga, heldur með breyttum afhendingarfresti, og hafi hann með bréfi sínu til Benedikts Jónassonar $\frac{7}{4}$ 1926, rskj. 15, notað sér þennan rétt sinn. Telur hann sig enga ábyrgð bera á því, þótt Benedikt Jónasson, umboðsmaður gagnstefnanda hafi vanrækt að tilkynna umbjóðanda sínum breytinguna, því úr því gagnstefnandi setti Benedikt Jónasson í þá stöðu að bera boð á milli samningsaðiljanna, verði hann að bera ábyrgð á vanrækslu umboðsmannsins um flutning boðanna. Að því er snertir umboðskort verzlunarþjónsins, heldur gagnstefndur því fram, að staða hans við verzlun sína hafi ekki verið þess eðlis, að í henni fælist neitt umboð til að gjöra slíkt tilboð sem það, er hann gjörði $\frac{19}{3}$ 1926, en af því leiði, að Benedikt Jónasson hefði átt að krefja hann um umboð, og er hann þá hefði lagt fram símskeytið, rskj. 12, hefði Benedikt Jónasson átt að vera ljóst, að hann færi út fyrir umboð sitt í tilboðinu.

Að því er snertir hina 2 vantandi götubrunna, viðurkennir hann að vísu, að þá hafi gagnstefnandi aldrei fengið, en telur sig hafa samið svo um við Benedikt Jónasson, að þessu yrði sleppt, en í stað þeirra léti hann 5 slökkvihana af dýrari (yfirjarðar) gerð en þeirri, er hann var skyldur til að láta, samkvæmt samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926.

Skaðabótakröfu gagnstefnanda í gagnsökinni telur gagnstefndi á engum rökum byggða og telur sér alls ekki skylt að bæta honum það tjón, er hann beið við það, að vörurnar, er áttu að koma með S/S »Goðafoss«, komu ekki með því skipi, heldur með S/S »Bro« 11 dögum síðar. Segir hann, að í samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926, rskj. 9—10, sé að vísu ákveðið, að vörurnar skuli sendast frá Kaupmannahöfn með S/S »Goðafoss« $\frac{11}{3}$ 1926, en jafnframt sé þar ákvæði, er heimili honum að senda þær með öðru skipi. Telur hann sig færa sönnur á það, að hann hafi verið búinn að tryggja sér pláss fyrir vörurnar með S/S »Goðafoss« og að þær hafi legið tilbúnar til útskipunar í skipið í Kaupmannahöfn, áður en það átti að leggja af stað. En rétt áður en skipið fór, tilkynnir skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn firmanu Ohlsen & Ahlmann, er sáu um afgreiðslu varanna frá Kaupmannahöfn,

að það óskaði eftir að vörurnar færu með S/S »Bro«, er fara átti skömmu á eftir S/S »Goðafoss« frá Kaupmannahöfn. Þar eð firmað Ohlsen & Ahlmann taldi allar líkur til, samkvæmt upplýsingum skrifstofu Eimskipafélags Íslands, að »Bro« yrði um svipað leyti á Húsavík og »Goðafoss«, og þar sem það líka taldi, að Eimskipafélag Íslands hefði samkvæmt flutningareglum sínum, rétt til að skifta um skip í þessu tilfalli, samþykkti það, að skift yrði um skip. En reynslan varð sú, að »Bro« var 11 dögum síðar en »Goðafoss« á Húsavík, og stafaði það sumpart af því, að það kom við í Leith, þvert ofan í það sem ráð var fyrir gjört, þá er ákvörðunin um, að vörurnar færu með því, var tekin, vegna þess að kolaverkfall það, er hafði staðið yfir og varð örsök þess, að »Goðafoss« ekki kom við í Englandi, var skyndilega upphafið um það leyti, sem »Bro« fór frá Kaupmannahöfn, og sumpart vegna þess, að það fékk vont veður í hafi. En í samningnum frá 1/3 1926, stendur einmitt, að sendandi beri ekki ábyrgð á »töfum, sem orsakast kunna af verkföllum og öðrum óviðráðanlegum orsökum«.

Loks mótmælir gagnstefndur því eindregið, að tjón það, er gagnstefnandi beið af drætti á komu efnisins, hafi verið náðar-nærri eins mikið og gagnstefnandi telur. Álitur hann, að tjónið hafi í hæsta lagi numið 87 kr.

Kröfu aðalstefnanda um, að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sér skuld, að upphæð d. kr. 151.90, hefir aðalstefndur mótmælt. Telur hann, að um einn lið þessarar reikningsupphæðar, d. kr. 38.00, sé hann ranglega krafinn, en annan lið á reikningi, rskj. nr. 24, d. kr. 132.25 telur hann eiga að vera isl. krónur. Að réttarins áliti hefir aðalstefnandinn eigi fært nægar sannanir fyrir því, gegn eindregnum mótmælum aðalstefnds, að vörur þær, sem taldar eru á reikningi, rskj. nr. 45, og sem þessi 30 kr. krafa er gjörð út af, hafi ekki verið innifaldar í samningi hans og aðalstefnds frá 1/3 1926. Hinsvegar hefir aðalstefnandinn svarað þeirri fullyrðingu aðalstefnds, að liðurinn »váttrygging kr. 132.25« á rskj. nr. 24 átti að vera isl. krónur, með því að benda á það í reikningi, rskj. nr. 39, sé upphæð þessi, sem er bæði sjótrygging og stríðstrygging á sendum vörum talin sem hundraðshluti af 23000 kr. upphæð, sem eigi að vera danskar krónur, enda hafi mest öll viðskifti þau, er mál þetta er risið út af, verið reiknuð í dönskum krónum. Þessari fullyrðingu aðal-

stefnandans um, að stofngjald það, sem reikningsupphæðin sé hundraðshluti af, sé danskar krónur, hefir aðalstefndur eigi nægilega mótmælt eða hnekkst og virðist því rétt að telja, að hér sé um danskar krónur að ræða. Samkvæmt framansögðu ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnandanum af þessum lið dómkröfu hans í aðmálinu, d. kr. 113.90.

Í gagnsökinni krefst gagnstefnandinn meðal annars, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér d. kr. 70.00 fyrir 2 götubrunna, er hann kveður gagnstefnda eigi hafa afhent, en borið að afhenda samkvæmt samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926. Gagnstefndur viðurkennir, að hann hafi eigi afhent götubrunnana svo sem honum bar, en ber fyrir sig, að hann hafi samið svo um við Benedikt Jónasson verkfræðing, umboðsmann gagnstefnanda, að hann þyrfti eigi að afhenda þá. Rétturinn verður því að líta svo á, að það komi ekkert málinu við, hverskonar samning gagnstefndi hafi gjört um þetta við Benedikt Jónasson verkfræðing, því verkfræðingurinn kom aðeins fram sem umboðsmaður hreppsnefndar Húsavíkurhrepps við að taka á móti tilboðum, en hafði ekkert umboð til að gjöra samninga eða taka ákvarðanir fyrir umbjóðanda sinn. Ber því að taka dómkröfu gagnstefnandans til greina í þessu atriði.

Þá gjörir gagnstefnandinn þá dómkröfu í gagnsökinni, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér d. kr. 595.25 fyrir ofborgað vatnsveituefni (5 slökkvihana og 4 götubrunna). Byggir hann þessa kröfu sína á því, að gagnstefndur hafi verið bundinn við tilboð verzlunarþjóns síns frá $\frac{19}{3}$ 1926 og aldrei getað gengið frá eða breytt því tilboði. Með mála-færslunni er eigi nægilega upplýst, hvernig stöðu verzlunarþjónsins, Guðm. H. Þorvarðssonar, við verzlun gagnstefnds er varið, svo af því verði ráðið hversu viðtækt umboð hann, samkvæmt stöðu sinni, hefir til að gjöra samninga eða tilboð fyrir hönd húsbónda síns í fjarveru hans. Verður gagnstefndur því vart sýknaður af kröfu gagnstefnandans sökum þess, að verzlunarþjónninn hafi farið út fyrir umboð sitt í tilboðinu og að Benedikt Jónasson verkfræðingur hefði átt að krefjast þess, að hann legði fram umboð það, er hann hafði til að gjöra tilboðið. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að þó gagnstefndur hafi verið bundinn við tilboð verzlunarþjóns síns frá $\frac{19}{3}$ 1926, þá hafi það, að gagnstefnandinn ekki gekk að tilboðinu óbreyttu, heldur samþykkti það með breyttum afhendingarfresti, gjört það að verkum, að gagnstefndur hafi

getað losnað við tilboðið. Hafði hann rétt til, jafnframt því sem hann samþykkti að senda vöruna með ferð S/S »Goðafoss« í júlí, að leiðrétta tilboð frá $\frac{1}{3}$ og bjóða aðeins húsaleiðslurnar fyrir 1400 d. kr. Og þessi leið er það einmitt, sem gagnstefndi velur. Því með bréfi $\frac{7}{4}$ 1926, rskj. nr. 15, tilkynnir hann Benedikt Jónassyni áður en hann samþykkir að senda vörunar með S/S »Goðafoss« í júlí, að 5 brunahanar og 4 götubrunnar eigi ekki að vera með í 1400 kr. verðinu í tilboðinu. Er bréf þetta að visu ekki hyggilega orðað, en þó kemur þessi vilji hans greinilega í ljós. Þetta breytta tilboð gagnstefnda fær gagnstefnandinn að visu ekkert að vita um fyr en um vorið skömmu áður en vörunar komu. Virðist Benedikt Jónasson ekkert hafa tilkynnt umbjóðanda sínum annað en að gagnstefndur samþykkti afhendingarfrest þann, er til var tekinn í samþykkinu. En á þessari vanrækslu Benedikts Jónassonar getur gagnstefndur vitanlega enga ábyrgð borið. Gagnstefnandinn hafði sett Benedikt Jónasson í þá stöðu, að bera boð milli sín og gagnstefnda. Gengu öll tilboð og svör við þeim, gagnstefnda og gagnstefnanda, gegnum Benedikt Jónasson og var það því í alla staði rétt af gagnstefnda að tilkynna Benedikt Jónassyni hið breytta tilboð. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna gagnstefnda af þessum lið gagnkröfunnar.

Síðasti kröfuliður gagnstefnandans í gagnsökinni er skaðabótakrafa, að upphæð isl. kr. 710.00, á hendur gagnstefndum. Byggir hann kröfu sína á því, að gagnstefndi samkvæmt samningi frá $\frac{4}{3}$ 1926 beri ábyrgð á þeim drætti, er varð á komu vatnsveituefnisins til Húsavíkur vegna þess að það ekki kom með S/S »Goðafoss« $\frac{22}{5}$ 1926, heldur með S/S »Bro« 11 dögum seinna. Í samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926 er ákveðið, að efni það, sem þar er selt, skuli sendast með S/S »Goðafoss« í maí 1926 til Húsavíkur. Þó er í samningnum annað ákvæði, er segir, að seljanda skuli heimilt að senda efnið með öðru skipi en »Goðafoss«. Þýðing þessa ákvæðis er að réttarins áliti sú, að seljandi hafi rétt til að senda efnið með hverju öðru skipi en S/S »Goðafoss«, sem hann getur sýnt fram á, að hann hafi haft ástæðu til að álita að kæmi til Húsavíkur samtímis eða fyrir en S/S »Goðafoss«.

Með rskj. nr. 17 og 18 hefir gagnstefndur sannað það, að vatnsveituefnið var tilbúið í Kaupmannahöfn löngu áður en S/S »Goðafoss« átti að fara þaðan 11. maí 1926, og ennfremur,

að hann var búinn að tryggja sér rúm fyrir það í skipinu. En er að því kom að S/S »Goðafoss« átti að fara að leggja af stað, mæltist skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn til þess við firmað Ohlsen & Ahlmann, er sá um sendingu varanna, að vörurnar færu með S/S »Bro«, aukaskip er hlaða átti strax að lokinni hleðslu S/S »Goðafoss« og sem síðan átti að fara upp til Íslands sömu leið og S/S »Goðafoss«. Samþykkti firmað þessa ráðstöfun skrifstofunnar, sumpart vegna þess, að það áleit, að Eimskipafélag Íslands hefði samkvæmt flutningareglum sínum rétt til að ráðstafa flutningum þannig, að skift væri um skip, og sumpart vegna þess, að skrifstofa Eimskipafélagsins gaf þær upplýsingar, að enginn verulegur munur mundi verða á komu skipanna til Húsavíkur, því S/S »Bro«, þótt það færi seinna, hefði minni vöru að losa á leiðinni til Húsavíkur og þyrfti á færri hafnir að koma, þar sem það væri aukaskip. Viðurkennir skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn að hafa látið þetta álit sitt í ljósi um það hvenær skipin mundu koma til Húsavíkur, sbr. bréfin, rskj. nr. 21—22 og 23. En reyndin varð sú, að rétt eftir að S/S »Goðafoss« fór frá Kaupmannahöfn, var upphafið kola-verkfall það í Englandi, sem var örsök þess, að S/S »Goðafoss« ekki kom þar við, og fór því S/S »Bro« til Leith og tafðist allmikið við það. Ennfremur fékk S/S »Goðafoss« gott veður á leiðinni til Húsavíkur, en S/S »Bro« slæmt og tafði það skipið enn meir. Afleiðing alls þessa var sú, að S/S »Bro« kom 11 dögum seinna en S/S »Goðafoss« til Húsavíkur. En samkvæmt samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926, ber sendandi ekki ábyrgð á þeim töfum, sem orsakast af verkföllum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að lita svo á, að firmað Ohlsen & Ahlmann hafi haft ástæðu til að álita, að S/S »Bro« yrði ekkert á eftir S/S »Goðafoss« á Húsavík og hafi því verið heimilt samkvæmt samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926 að samþykkja, að vatnsveituefnið yrði sent með því skipi. Ennfremur, að tafir þær, sem S/S »Bro« varð fyrir á leiðinni til Íslands, hafi orðið af þeim orsökum, er sendandi eigi bar ábyrgð á samkvæmt samningnum frá $\frac{4}{3}$ 1926. Ber því að sýkna gagnstefnda af þessum lið kröfunnar.

Kröfu aðalstefnanda í aðalsökinni um að aðalstefndi verði dæmdur til að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 29744 við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 auk vaxta

